



312. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams þriðjudaginn 31. ágúst 2021 kl. 18:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

1. Málefni KSÍ

Forseti fór yfir atburðarrás gærdagsins.

Í tilkynningu sem stjórn KSÍ sendi frá sér eftir löng fundarhöld í gær er skýrt frá boðun til aukabings sem haldið verður um leið og hægt er samkvæmt lögum KSÍ en minnst fjögurra vikna fyrirvara þarf til að boða til aukabings.

Stjórn KSÍ, varafulltrúar og landshlutafulltrúar hafa ákveðið að segja af sér og munu skila umboði sínu eigi síðar en þegar til aukabingsins kemur.

Forseti skýrði frá því að hann hafi verið í miklum samskiptum bæði við KSÍ og Íslenskan toppfótbolta (ÍTF). Vilji sé fyrir því hjá báðum aðilum að setja fram sameiginlega yfirlýsingu um að aðilar standi sameinaðir að baki þeirri aðgerðaráætlun sem hefur verið sett fram af hálfu stjórnar KSÍ, þ.e. að stjórnin sitji fram að aukabingi og hætti þar.

Hann skýrði frá því að hann hafi fundað með stjórn KSÍ seint í gær um framgang málsins og um það hvernig best verði haldið um starfsemi KSÍ fram að aukabingi, svo starfsemin haldist órofin. Raunveruleg hættu hafi skapast um að sambandið yrði stjórnlaust, það er að stjórnin færi öll frá borði umsvifalaust en slíkar aðstæður hefðu getað haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir sambandið hjá UEFA og FIFA, landslið Íslands og knattþyrnuhreyfinguna.

Forseti kynnti drög að sameiginlegri yfirlýsingu ÍSÍ, KSÍ og ÍTF og leitaði samþykkis frá framkvæmdastjórn um að ganga frá málinu, með heimild til smávægilegra lagfæringa ef til kæmi í meðförum allra aðila við loka yfirllestur.

Samþykkt að veita forseta ofangreindar heimildir.

Forseti skýrði einnig frá því að hann hafi átt fund með mennta- og menningarmálaráðherra og varaformönnum KSÍ fyrr í dag. Þar ítrekaði hann meðal annars nauðsyn þess að stjórnvöld tryggðu nægilegt fjármagn til embættis samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, ekki síst ef álag á embættið eykst verulega á næstu vikum og mánuðum.

Fleira var ekki gert.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.